

Mættir:

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður

Ólafur S. Hafsteinsson (Miðgarður/Túngata)

Þórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)

Sigurður R. Karlsson (þjónustumiðstöð)

Daníel Júlíusson (grunnskólinn)

Halldóra Halldórsdóttir (grunnskólinn)

Ásmundur Jónsson (slökkviliðið)

1. Hjartastuðtæki fyrir stofnanir bæjarins

Nefndin sendi inn erindi til bæjarstjórnar fyrir fjárhagsáætlunarvinnu bæjarins 2018 þar sem skorað er á bæjarstjórnina að fylgja eftir fyrri bókunum um hjartastuðtækjavæðingu stofnana bæjarins.

Erindið þolir enga bið og skorar nefndin á bæjarstjórn að klára hjartastuðtækjavæðinguna á komandi ári.

2. Vinnuverndarmöppur

Næsti fundur verður vinnufundur hjá nefndinni til að útbúa vinnuverndarmöppur fyrir allar stofnanir.

3. Viðbrögð við vinnuslysum

Nefndin ætlar að endurskoða leiðbeiningar á vefsíðu bæjarins um viðbrögð við vinnuslysum til að skerpa á viðbrögðum og tryggja að allir verkferlar séu skýrir.

4. Trúnaðarlæknir

Grindavíkurbær hefur gert samning við Heilsuvernd um þjónustu trúnaðarlæknis. Vinnuvernd óskar eftir nánari útskýringum á einstökum atriðum samningsins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:00

Næsti fundur verður þriðjudaginn 14. nóvember